

## **Viljayfirlýsing**

### **milli Tollstjóra og Samtaka verslunar og þjónustu**

### **um samstarf að einföldun og auknu öryggi aðfangakeðjunnar**

Skilvirk og einföld utanríkisviðskipti eru eftirsóknarverð og geta skipt sköpum um samkeppnishæfni þjóða. Það er ekki síður mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands að fyllsta öryggis sé gætt í slíkum viðskiptum.

Tollurinn hefur öryggishlutverki að gegna sem vörn samfélagsins gegn mögulegum hættum í utanríkisviðskiptum. Hlutverk tollsins er að verja samfélagið t.d. fyrir verslun með fíkniefni og vopn; ógnum gegn matvælaöryggi og umhverfi; sjúkdómum; fölsuðum vörum og ójafnvægi í samkeppnisstöðu fyrirtækja. Á sama tíma er mikilvægt að eftirlit tollsins hafi ekki neikvæð áhrif á eðlileg viðskipti með vörur sem skerða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Samtök verslunar og þjónustu eru hagsmunasamtök fyrirtækja í verslun og þjónustu þ.á.m. fyrirtækja í flutningastarfsemi. Skilvirkni í aðfangakeðjunni er mikilvægt hagsmunamál aðildarfyrirtækja samtakanna sem og Íslendinga allra.

Tollstjóraembættið og Samtök verslunar og þjónustu lýsa yfir vilja til að starfa saman að því að sameina öryggi og skilvirkni inn- og útflutningskeðjunnar á Íslandi. Að þessu verður unnið með nánu og markvissu samstarfi.

Markmið með viljayfirlýsingu tollyfirvalda og Samtaka verslunar og þjónustu er að stuðla að auknu öryggi í aðfangakeðjunni, auka einföldun, stöðlun og nútímavæðingu vinnu- og tölvuferla og vinna saman að því að koma í veg fyrir skipulagða glæpastarfsemi.

#### **Einföldun viðskiptakeðjunnar og aukið öryggi**

Tollstjóri mun leitast við að stuðla að einföldun ferla aðfangakeðjunnar eins og mögulegt er í samstarfi við hagsmunaaðila án þess að það sé á kostnað öryggis og tollefirlits. Mikilvægt er að finna eðlilegt jafnvægi milli hlutverks tollsins um verndun samfélagsins og þess hlutverks að greiða fyrir löglegru starfsemi.

#### **Tímanleg skil á rafrænum upplýsingum**

Fyrirtæki skulu leitast við að tryggja að upplýsingar sem m.a. gagnast tollyfirvöldum við áhættugreiningu berist eins tímanlega og hægt er með rafrænum hætti inn í tölvukerfi tollyfirvalda. Á sama tíma skulu tollyfirvöld leitast við að yfirfara þessar upplýsingar eins tímanlega og kostur er og stuðla þannig að hraða í lögmætu flæði aðfangakeðjunnar.

#### **Reglulegur samráðsvettvangur**

Tollstjóri mun leitast við að tryggja samráðsvettvang með Samtökum verslunar og þjónustu sem og fyrirtækjum í flutningastarfsemi þar sem fjallað verður um stefnumótandi verkefni sem standa yfir og safnað er saman hugmyndum um framtíðarverkefni. Slík verkefni skulu hafa það markmið að tryggja einföldun ferla en um leið auka möguleikana á auknu öryggi og eftirliti.

#### **Gildistaka**

Samningurinn öðlast gildi við undirritun.

Reykjavík 30. september 2010

---

Snorri Olsen  
Tollstjóri

---

Andrés Magnússon  
framkvæmdastjóri Samtaka  
verslunar og þjónustu

#### **Viðauki**

Samningnum fylgir viðauki yfir tengiliði samstarfsaðila. Viðaukinn skal uppfærður eftir þörfum.